

Alþjóðlegur minningardagur um helförina 27. janúar

**Tillögur starfshóps á vegum forsætisráðuneytisins
um hvernig minnst skuli helfararinnar**

15. desember 2025

Alþjóðlegur minningardagur um helförina 27. janúar

Tillögur starfshóps á vegum forsætisráðuneytisins um hvernig minnst skuli helfararinnar

Þann 27. janúar 1945 voru fangar í Auschwitz-Birkenau í Póllandi, alræmdustu fangabúðum nasista, frelsaðir af sovéska hernum. Þennan dag gat umheimurinn allur séð með eigin augum hversu grimmileg voðaverk höfðu verið framin af stjórn nasista á gyðingum og öðrum minnihlutahópum í heimsstyrjöldinni síðari. Alls er talið að um 6 milljónir Gyðinga hafi týnt lífi í útrýmingarbúðum nasista.

Árið 2005 lýstu Sameinuðu þjóðirnar því yfir að 27. janúar yrði alþjóðlegur minningardagur um helförina. Mörg ríki höfðu minnst frelsunarinnar með formlegum hætti fyrir.

Dagsins hefur ekki verið opinberlega minnst af íslenskum stjórnvöldum, en samfélag Gyðinga á Íslandi hefur haldið daginn í heiðri í samvinnu við nokkur sendiráð í Reykjavík.

Eftirfarandi tillögur um hvernig forsætisráðuneytið getur komið að því að minnst fórnarlamba helfararinnar 27. janúar ár hvert, eru hér með sendar til forsætisráðherra að ósk ráðherra og sem framhald af þeirri vinnu sem hófst 2023.

Tillögunum er skipt í þrennt:

1. Formlegar ákvarðanir yfirvalda
2. Framkvæmd og útfærsla á minningardegi um helförina
3. Tillögur um varðveislu og sagnfræðilega vinnu

Það er ósk starfshópsins að megináherslan verði á (a) að sýna fórnarlömbum helfararinnar og minningu þeirra virðingu; (b) á fræðslu og menntun til komandi kynslóða til að koma í veg fyrir að nokkuð í líkingu við helförina geti endurtekið sig; og (c) að dagurinn verði framvegis nýttur til að sporna einarðlega við hvers kyns uppgangi fordóma og hatursorðræðu í garð allra trúarhópa eða minnihlutahópa í íslensku samfélagi.

Reykjavík, 15. desember 2025

Fyrir hönd starfshóps: Rósa Björk Brynjólfsdóttir

Tillögur starfshóps um minningardag um helförina

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi tillögur um hvernig fari best á því að íslensk stjórnvöld minnst helfararinnar, þar sem fræðsla, sögulegar staðreyndir og nákvæmni, varðveisla minninga og menningarminja en ekki síst forvarnir gegn hatursorðræðu og kynþáttafordómum eru í forgrunni. Markmiðið er að vara við þeim hörmungum sem geta hlotist af ofsóknum gegn trúar- og menningarhópum sem eru í minnihluta.

Tillögunum er skipt upp í eftirfarandi flokka eða þætti;

1. Formlegar ákvarðanir stjórnvalda
2. Framkvæmd og útfærsla á minningardegi um helförina
3. Varðveisla og sagnfræðileg vinna

1. Formlegar ákvarðanir stjórnvalda

Það eru tillögur starfshópsins að formlegar ákvarðanir íslenskra yfirvalda geti verið eftirfarandi og verði tilkynnt um á fyrsta minningardegi Íslands um helförina 27. janúar 2026.

- Að Ísland gerist aðili að IHR bandalaginu (**International Holocaust Remembrance Alliance**) og undirriti Stokkhólms-ályktunina sem hluta af aðild (sjá hér:)

<https://holocaustremembrance.com/resources/stockholm-declaration>

- Að íslenska ríkið ráðist í þýðingu á skýrslu UNESCO um leiðbeiningar um kennslu á sögu helfararinnar í samstarfi við Kennarasamband Íslands og Mennta - og Hugvísindasvið Háskóla Íslands (sjá hér:)

<https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000248071>

Aðrar formlegar ákvarðanir stjórnvalda sem starfshópurinn leggur til og hægt er að tilkynna um á minningardegi 2027 eða síðar og krefst lengri undirbúnings:

- Forsætisráðuneytið eða ríkisstjórn Íslands fjármagni styrki til afmarkaðra verkefna sem stuðli að uppfræðslu um afleiðingar hatursorðræðu, vinni gegn fordómum og öfgahyggju, vernd lýðræðis og mannréttinda trúarhópa í minnihluta.
 - þetta megi gera með því að úthluta fé í eitt ákveðið verkefni á ári eftir tilnefningarferli
 - setja á fót sjóð á vegum forsætisráðuneytisins eða íslenskra stjórnvalda í því sjónarmiði að vinna gegn fordómum og öfgahyggju og til að efla lýðræði. Reglulega yrði útbýtt úr þeim sjóði til verkefna sem uppfylla kröfur um þetta.

- þetta mætti líka raungerast með merktum fjármunum í verkefni sem vinna gegn fordómum og öfgahyggju og sem yrðu í umsjón Mannréttindastofnunar Íslands.
- Að afsökunarbeiðni komi frá forsætisráðherra/forsætisráðuneytinu til samfélags Gyðinga og ættingja hlutaðeigandi á brottvísun Gyðinga frá Íslandi á árunum í kringum seinni heimsstyrjöldina þegar viðkomandi Gyðingar leituðu skjóls og verndar hjá íslenskum stjórnvöldum en var neitað um það og þau send af landi brott.
 - þessi tillaga þarfnast ítarlegs og vandaðs undirbúnings. Stofna þyrfti hóp sérfræðinga í sagnfræði, heimspeki og í alþjóðalögum til að undirbúa slíka afsökunarbeiðni. Er það tillaga formanns stýrihóps að í sérfræðingahópnum skuli sitja að lágmarki einn fyrrverandi dómari/ar við Mannréttindadómstól Evrópu til að undirbúa vinnu við afsökunarbeiðnina og að lágmarki einn sagnfræðiprófessor sem hefur sérhæft sig í seinni heimsstyrjöldinni eða hefur sérfræðipækkingu þar um.
- Að tilkynnt verði um breytingar á hegningarlögum um að refsivert verði að afneita helförinni sbr. frumvarp sem lagt var fram á Alþingi 2021 <https://www.althingi.is/altext/151/s/0772.html> en dæmin sýna að í Evrópu hefur tilvikum fjölgað þar sem afneitunarsinnar helfararinnar tjá sig opinberlega. Að mati sérfræðinga felur opinber afneitun á þjóðarmorði, stríðsglæpum og ofsóknum í garð minnihlutahópa í sér verulega hættu á að viðlíka glæpir endurtaki sig.
 - dæmi er um að afneitunarsinnar hafi komið fram í íslenskum fjölmiðlum; <https://www.ruv.is/frettir/innlent/snertir-okkur-ekki-ad-vera-kollud-nasistar>

2. **Tillögur starfshóps um tilhögun á minningarathöfn 27. janúar 2026**

- Forsætisráðuneytið komi að skipulagningu á minningarathöfninni í samvinnu við sendiráð Póllands og sendiráð Þýskalands og jafnvel fleiri sendiráð ef þurfa þykir.
- Á þeirri minningarathöfn myndi forsætisráðherra Íslands halda stutta ræðu og tilkynna um ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um aðild að Stokkhólmar-yfirlýsingunni og að hér eftir verði aðkoma íslenskra stjórnvalda að minningardegi helfararinnar tryggð. Þá myndu sendiherra Póllands og sendiherra Þýskalands ásamt rabbía Gyðinga á Íslandi halda stuttar ræður.
- Vel færi líka á því að spiluð yrði tónlist eftir eitthvert af því fjölmörgu tónlistarfólki sem voru Gyðingar og komu hingað til lands og auðuguðu íslenskt tónlistarlíf, til að mynda gæti tónlistarfólk spilað útsetningar eftir Victor Urbancic eða aðra tónlistarmenn og/eða lesið yrði upp úr nýrri bók (*Tónar*

útlaganna eftir Árna Heimi Ingólfsson) um þrjá Gyðinga sem leituðu skjóls á Íslandi undan ofsóknum nasista og auðuguðu tónlistarlíf á Íslandi svo um munaði.

Tillögur um tilhögun minningardaga næstu árin - þegar undirbúningstími er lengri.

- Aðrir ráðherrar en forsætisráðherra geta haldið ræður fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á minningarathöfn. Einnig er tilvalið að norrænni fyrirmynd að bjóða sérfræðingum um þjóðarmorð og/eða forstöðumönnum stofnana/safna um helförina í nágrannaríkjum til að halda ávörp. Einnig hefur fólk sem hefur lifað af þjóðarmorð nær okkur í tíma ávarpað minningarathafnir á Norðurlöndum. Þannig væri hægt að bjóða fyrrverandi íbúa Rúanda eða Bosníu-Hersegóviníu að halda ávarp.
- Íslensk stjórnvöld gætu tilkynnt um styrki við viðburði eða sýningar af menningarlegum toga sem tengjast sögu Gyðinga á Íslandi og yrðu hluti af minningardegi um helförina (þetta geta verið kvikmyndasýningar, bókaútgáfur, ljósmyndasýningar eða annað)
- Ríkisstjórn Íslands myndi styrkja kvikmyndasýningu á kvikmynd um helförina eða kvikmynd sem tengist helförinni í Bíó Paradís eða í öðru kvikmyndahúsi - val á kvikmynd gæti verið í samvinnu við sendiráð Póllands, Bandaríkjanna eða Þýskalands. Á undan sýningunni gætu verið nokkur stutt erindi og/eða umræður á sviði með þátttöku gesta.

Dæmi um kvikmyndir;

<https://www.kvikmyndamidstod.is/kvikmyndir/gydingar-a-islandi>

Dæmi um fræðsluefni um tónlistarmenn af gyðingatrú sem komu til Íslands vegna ofsókna nasista og auðuguðu íslenskt tónlistarlíf svo um munaði
<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2025-03-23-tonar-utlaganna-haefileikarikir-tonlistarmenn-sem-skildu-eftir-sig-djup-spor-439241>

<https://www.musik.is/Pistlar/ingibjorg1.html>

3. Tillögur um aðgerðir til að varðveita gögn og minjar um sögu Gyðinga á Íslandi og annarra sem urðu fórnarlömb nasista

- Forsætisráðuneytið skuldbindi sig til að setja opinbert fé í rannsóknir, gagnaöflun og varðveislu á menningarminjum og/eða útgáfu fræðsluefnis um sögu Gyðinga á Íslandi og Íslendinga sem voru fórnarlömb ofsókna nasista.
 - Þessi ákvörðun og útfærsla yrði gerð í samvinnu við Háskóla Íslands og/eða aðrar háskólastofnanir.

- Útfærsla á formlegum rannsóknum og varðveislu á sagnfræðilegum og menningarlegum minjum yrði gerð í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Aðdragandi og ferill málsins á Alþingi og í ríkisstjórn

Þann 28. janúar 2020 var þingsályktunartillögu (532. mál) dreift á 150. löggjafarþingi og lagt til að Alþingi ályktaði að fela forsætisráðherra að tileinka 27. janúar ár hvert minningu fórnarlamba helfararinnar. Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður, var flutningsmaður tillögunnar en 18 þingmenn úr 6 stjórn mála flokkum voru meðflutningsmenn.

Þingsályktunartillagan var endurflutt á 151. löggjafarþingi og voru þá 15 þingmenn að auki á tillögunni úr 6 stjórn mála flokkum. Var því einsýnt að breiður stuðningur úr öllum flokkum sem þá voru á þingi var við málið. Við þinglega meðferð bárust umsagnir frá Kennarasambandi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálpi og Sagnfræðingafélagi Íslands sem allar voru jákvæðar en þær má lesa hér;

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/151/110/?ltg=151&mn=110>

Hugsunin og megintilgangur með þingsályktunartillögunni var að með því að minnast hryllilegustu myrkraverka mannkyns, með áherslu á fræðslu, minningar, frásagnir og afleiðingar hatursorðræðu gegn minnihlutahópum eða öðrum trúarhópum, sé verið að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og koma í veg fyrir að nokkuð viðlíka geti gerst aftur eða eins og segir orðrétt;

Með því að tileinka þennan dag minningu fórnarlamba helfararinnar mætti fræða komandi kynslóðir hér á landi um afleiðingar hatursglæpa. Þannig yrði unnt að koma í veg fyrir fordóma og aukna tíðni slíkra glæpa milli ólíkra trúar- og þjóðfélagshópa svo að viðlíka hörmungar endurtaki sig ekki. Slíkur dagur fæli í sér tækifæri til að minnast fórnarlamba helfararinnar og vinna gegn kynþáttafordómum og mismunun til að skapa friðsamara og umburðarlyndara samfélag.

Vorið 2023 lagði þáverandi forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir, minnisblað fyrir ríkisstjórn sem samþykkti að fela forsætisráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa það að minningardagur um helförina yrði haldinn af hálfu stjórnvalda. Forsætisráðherra fól Rósu Björk Brynjólfsdóttur að vera formaður stýrihópsins en óskað var eftir tilnefningum frá utanríkisráðuneytinu, sem tilnefndi Birgi Þórarinsson; mennta- og barnamálaráðuneyti, sem tilnefndi Ingibjörgu Ólafsdóttur; Háskóla Íslands, sem tilnefndi Guðmund Hálfðanarson og Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem tilnefndi Margréti Steinarsdóttur. Tilnefningar frá öllum þessum aðilum bárust í byrjun haustið 2023.

Starf starfshópsins hefur legið að mestu í láginni vegna þingkosninga og breytinga á ríkisstjórn en einnig vegna stríðsátaka á Gaza og pólitíks og samfélagslegs umróts vegna þeirra. Þó lagði formaður stýrihópsins forsætisráðuneytinu lið í tilefni 80 ára minningarafmælis þess að fangar voru frelsaðir frá Auschwitz-Birkenau í janúar 2025.

Kristrún Frostadóttir forsætisráðherra óskaði svo eftir því í nóvember 2025 með milligöngu alþjóðafulltrúa forsætisráðuneytisins, að fá tillögur frá starfshópnum í desember 2025 og koma þær hér.

Alþjóðleg vinna til að minnast helfararinnar - UNESCO, ÖSE og Evrópuráðið

Sameinuðu þjóðirnar - UNESCO

Innan Sameinuðu þjóðanna hefur farið fram margvísleg vinna í þeim tilgangi að minnast helfararinnar, fræða um orsakir hennar og afleiðingar en ekki síst til að nota atburði tengda henni til að sporna gegn hatursorðræðu, fordómum og þjóðarmorðum.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti þann 1. nóvember 2005 ályktun **A/RES/60/7** um að gera 27. janúar að „**International Day of Commemoration in memory of the victims of the Holocaust.**“ <https://docs.un.org/en/a/res/60/7>

Samþykkt ályktunarinnar varð til þess að mörg ríki, þar með talið Norðurlöndin, hafa viðurkennt daginn formlega sem minningardag, en ályktunin krefst þess ekki af ríkjum Sameinuðu þjóðanna að lögfesta daginn.

Ný ályktun var svo samþykkt á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. janúar 2024, 80 árum eftir ráðstefnuna í Wannsee, þar sem afneitun á og hvers konar rangfærslur um helförina eru fordæmdar. Ályktunin hvetur öll aðildarríki SP til að samþykkja/semja fræðsluáætlanir um sögu helfararinnar með það í huga koma í veg fyrir þjóðarmorð í framtíðinni.

Tillögur starfshópsins til forsætisráðuneytisins miða meðal annars við innihald beggja þessa ályktana, starf annarra alþjóðastofnana og nágrannaríkja sem leggja megináherslu á menntun og uppfræðslu þegar kemur að því að minnast helfararinnar.

Lykilaðili í því að framfylgja starfinu sem fylgir þessum tveimur ályktunum Sameinuðu þjóðanna er UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Verkefni og aðgerðir sem UNESCO heldur úti er varðar helförina eru meðal annars;

- **International Program on Holocaust and Genocide Education (IPHGE)**, í samstarfi við Minningarsafn Bandaríkjanna um helförina (United States Holocaust Memorial Museum). Markmið IPHGE er að efla menntun um helförina og þjóðarmorð víða um heim og stuðla að því að þessari menntun verði varanlega komið fyrir innan skólakerfa.

<https://www.unesco.org/en/articles/brief-unescos-programmes-holocaust-education>

Dæmi um vinnu sem stýrihópurinn mælir með að íslensk stjórnvöld kynni sér í þaula og meti vel hvað sé hægt að innleiða, er meðal annars að finna í skýrslu **UNESCO – “Education about the Holocaust and preventing genocide: A policy guide”** frá árinu 2017 og lesa má hér; <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000248071>

Skýrslan veitir leiðbeiningar til þeirra sem vinna í opinberri stjórnsýslu og í opinberri stefnumótun um hvernig semja megi kennsluefni um helförina, þjóðarmorð, ofbeldi, hatursorðræðu og mannréttindabrot inn í skólakerfi og sem hluti af viðtækari menntun bæði nemenda og almennings í forvarnarskyni. Lögð er áhersla á að tryggt sé að nemendur og almenningur hafi aðgang að áreiðanlegum og réttum upplýsingum og frásögnum um atburði helfararinnar og önnur þjóðarmorð sem séu byggðar á staðreyndum. Þetta er ekki síst nauðsynlegt á tímum falsfrétta og upplýsingaóreiðu.

Meginmarkmið skýrslunnar er að:

a) Leggja áherslu á að kennsla og menntun sé öflugasta forvörnin og að kennsla um helförina og viðlíka efni verði hluti af fræðslu innan opinberra skólakerfa til að stuðla að almennu umburðarlyndi, skilningi og virðingu fyrir mannréttindum og ekki síst til að hindra að svipuð ofbeldisverk endurtaki sig.

b) Alþjóðlegt og fjölbreytt sjónarhorn — Að kennsluefni einblíni ekki eingöngu á helförina, heldur fræði einnig um sögu annarra þjóðarmorða og stórfelldra ofsókna til að nemendur og almenningur kynnist sögulegum atburðum og afleiðingum þeirra frá ólíkum tíma og stöðum og um ólíkar og margvíslegar orsakir kúgunar og ofsókna og afleiðingar þeirra.

Skýrsla UNESCO leggur ennfremur áherslu á að kennsluefni sem stofnunin mælir með verði hluti af formlegri menntun og fastur hluti af formlegu námsefni t.d. í sögukennslu, samfélagsfræði eða í mannréttindakennslu. Þannig verði notaðar viðurkenndar kennsluaðferðir og kennsluefni sem eflir gagnrýna hugsun og samkennd og almenna þekkingu og vitund um mannréttindi.

Á Íslandi og víðar (skv. skýrslu UNESCO) vantar mikið upp á að sögukennsla taki fyrir og fjalli um orsakir þjóðarmorða og afleiðingar þeirra með fullnægjandi hætti. Oft er kennsluefni einfalt og miðar við sögulegar staðreyndir, fremur en á orsakir atburðanna og lýðræðislegar og/eða samfélagslegar hættur sem getur stuðlað að þjóðarmorðum. Án þessa samhengis getur kennsla um samfélagslegum voðaverkum á dregið úr skilningi og forvarnargildi. Skýrsla UNESCO og tillögur í henni leiðbeina líka yfirvöldum í hverju ríki hvernig best er að viðhalda vitneskju og sögulegu minni um grimmdarverk fortíðarinnar í varnarskyni gegn fordómum, hatri og ofbeldi í nútíð og framtíð.

Miðlun vitneskju og fræðslu, á dýpri og innihaldsríkari hátt, um viðkvæma atburði mannkynssögunar getur stuðlað að aukinni samkennd fólks, dregið úr fordómum og hatursorðræðu, og vonandi komið í veg fyrir hana, aukið skilning og þekkingu á mannréttindum sem síðan eykur virðingu og samvinnu ólíkra þjóðfélagsþópá.

Þetta er ekki síst nauðsynlegt í íslensku samfélagi sem hefur þróast hratt í átt að meiri fjölbreytileika en áður, bæði hvað varðar þjóðerni og iðkun trúarbragða. Því er nauðsynlegt að nýta menntakerfið og fræðslu til að nemendur og almenningur þekki og læri um

hatursorðræðu, hatursglæpi og aðdraganda og afleiðingar glæpa gegn mannkyni og þjóðarmorða.

Í skýrslu UNESCO er samt sem áður lögð áhersla á að helförin sé einstakur atburður í sögu mannkyns en um leið hluti af stærra samhengi mannréttindabrota. Kennsla um þessa sögu stuðli því að;

- a. Draga fram hvernig fordómar og kerfisbundin mismunun geta þróast út í kerfisbundið ofbeldi og í allra versta falli útrýmingu á ákveðnum þjóðfélagshópum.
- b. Kennsla um þessa sögu eykur líka skilning nemenda á lýðræði, uppbyggingu réttarríkja, mannréttindum og ábyrgð einstaklinga.
- c. Kennslan getur líka unnið gegn útbreiðslu falsfrétta, hatri og afneitun á raunverulegum atburðum.
- d. Stuðlar að því að nemendur og almenningur læri af sögulegum mistökum.

Þess ber þó að geta að með því að innleiða tillögur UNESCO um þróun kennsluefnis þyrftu íslensk menntayfirvöld að skilgreina skýrt áherslur og ábyrgð kennslunnar þegar kennt er um helförina og tenginguna við mannréttindi og samfélagsfræði.

Styðja þarf líka vel við kennara sem kenna þetta efni, því að eðli málsins samkvæmt er fræðsla til barna og ungmenna um stríðsglæpi og voðaverk viðkvæm og þarf því að styðjast við fræðsluefni sem hæfir aldri og þroska barna. Til þess er hægt að styðjast við alþjóðlegt samstarf menntastofnana og kennara og nýta með því reynslu kennara í nágrannalöndum okkar sem hafa kennt þetta efni um árabil. UNESCO býður líka upp á þjálfun fyrir skólastjórnendur, kennara og aðra sem vinna að skólamálum og styður við endurskoðun á námskrám, kennslubókum og fræðsluefni til að tryggja sögulega nákvæmni og að helförin sé kennd sem sjálfstætt viðfangsefni náms, ekki aðeins sem hluti af kennslu um sögu seinni heimsstyrjaldarinnar.

UNESCO vinnur einnig að og með minnis- og varðveislusöfnum, sagnfræðilegum skráum og minningarverkefnum um helförina. Þannig er sögulegri skrásetningu og frásögnum fórnarlamba helfararinnar tryggð ákveðin staða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

<https://www.unesco.org/en/articles/brief-unescos-programmes-holocaust-education>

Nokkur meginrök eru fyrir því að kenna um helförina í skólum samkvæmt skýrslum UNESCO:

- Helförin sýni hve brothætt samfélög geta verið og að stofnanir sem eiga að verja réttindi allra geta brugðist; fræðslan hjálpi nemendum til að skilja hvers vegna vernd lýðræðis og mannréttinda er nauðsynleg. Hún varpar ljósi á mannlega hegðun — hvernig fordómar, óttastjórnun, hatursorðræða, kúgun og misnotkun valds geta leitt til grimmilegra glæpa. Þetta hjálpar nemendum að skilja viðvarandi hættur fordóma, ofbeldis og haturs.

- Fræðsla um helförina auðveldar nemendum að tengja sögu við samtímann — skoða og bera saman tengsl haturs, kynþáttahyggju og öfgahyggju. Það eflir almenna vitund um mannréttindi, siðferðilega ábyrgð og samfélagslega þátttöku og getur hjálpað fólki að rækta með sér virðingu fyrir fjölbreytileika, samstöðu og samkennd. UNESCO bendir á að ógagnsæi, falsanir og afneitun á helförinni birtist æ oftast í umræðu, til dæmis í samfélagsmiðlum. Dæmi um þetta má finna í íslenskri umræðu. <https://www.unesco.org/en/articles/importance-teaching-and-learning-about-holocaust>

ÖSE

Önnur alþjóðastofnun sem sem Ísland á aðild að er **ÖSE** (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu) og **ODHIR** (Mannréttinda og lýðræðisstofnun ÖSE) sem hefur líka gefið út leiðbeiningar um hvernig skuli minnst helfararinnar með menntun og uppfræðslu að leiðarljósi til að varpa ljósi á hvað það var sem orsakaði helförina og hverjar voru afleiðingar hennar.

ÖSE og **ODHIR** hafa, líkt og UNESCO, gefið út skýrslur með tillögum um fræðslu nemenda í skólum og almennings um þetta efni. Benda má þar á annars vegar skýrsluna „*Education on the Holocaust and on Anti-Semitism: An Overview and Analysis of Educational Approaches*” (sjá: <https://odihr.osce.org/odihr/18818>) og hinsvegar tvær skýrslur sem innihalda tillögur ÖSE og ODHIR um tillögur til úrbóta í menntun til að sporna við uppgangi hatursglæpa (sjá: <https://odihr.osce.org/odihr/46483>).

Megintillögur **ÖSE/ODHIR** um hvernig best sé að minnst helfararinnar og fræðast almennt um þjóðarmorð kallast á við tillögur UNESCO þar sem lögð er áhersla á menntun, fræðslu og kennslu. Þær ganga út á:

- a. að kennsla um helförina sé hluti af formlegri námskrá allra aðildarríkja ÖSE;
- b. að notað sé kennsluefni og bækur sem gefa heildstæða og sanna mynd af sögulegum atburðum í aðdraganda helfararinnar t.a.m. um fyrri heimsstyrjöldina, millistríðsárin, sögu Gyðinga í Evrópu og uppgang nasista, og varpi um leið ljósi á fjölbreyttan hóp fórnarlamba nasista: Rómafólk, fatlaða, hinsegin fólk og pólitíska andstæðingar nasista.
- c. að kennt sé um sögulegt samhengi, hugmyndafræði kynþáttafordóma, mannréttindasáttmála, alþjóðalög og uppgjörið eftir seinni heimsstyrjöldina.
- d. að kennurum sé boðið reglulega upp á sérhæfð námskeið þar sem bæði er miðlað staðreyndum og þeim kynntar kennsluaðferðir, um leið og þeir eru þjálfaðir í að takast á við tilfinningalegar og siðferðislegar hliðar kennslunnar.
- e. Í tillögum ÖSE er líka lögð áhersla á menntun og fræðslu um almenn mannréttindi. Kennsla um helförina á ekki að standa ein og sér, heldur þarf hún að tengjast almennri fræðslu og menntun um mannréttindi, jafnrétti, baráttu gegn fordómum, hatursglæpum og þjóðarmorðum.

- f. ÖSE leggur til að skólar og samfélagið almennt taki virkan þátt í minningarathöfnum sem tengjast helförinni eða fórnarlömbum þjóðarmorða. Slíkar athafnir geta dýpkað skilning nemenda og fært söguna nær þeim og aukið samhug þeirra og samkennd.
- g. Kennslan ætti ekki aðeins að fjalla um fortíðina heldur telur stofnunin mikilvægt að ræða við nemendur og almenning um það hvernig gyðingahatur, kynþáttafordómar, hatursglæpir eða mismunun birtist í samtímanum.
- h. Í tillögum ÖSE koma einnig fram tilmæli til stjórnvalda, skólayfirvalda, borgaralegra samtaka um að þau, og nærsamfélagið í heild, vinni saman við að skipuleggja minningarviðburði eða tryggja að fræðslan nái til allra og stuðli þar með að víðtækri vitund um mannréttindi. Þannig geti samfélagið sem heild tekist á við hatursglæpi, fordóma og mismunun með fræðslu, umræðu og almennri samheldni í samfélaginu.
- i. ÖSE leggur áherslu á að þrátt fyrir sérstöðu helfararinnar sem einstaks atburðar í mannkynssögunni sé mikilvægt að fræðslan taki einnig til annarra þjóðarmorða og ofsókna. Þetta auki skilning á því hvernig ofsóknir geta tekið á sig ólíkar myndir.

Þrátt fyrir að hér sé um góðar og innihaldsríkar skýrslur að ræða þá eru þær um 20 ára gamlar og miklar samfélagsbreytingar hafa orðið á þeim tíma. ODHIR hefur aftur á móti unnið ötullega gegn hatursorðræðu og hatursglæpum og leggur áherslu á stuðning, aðstoð og sérfræðipjónustu við aðildarríki ÖSE til að vinna að inngildingu og gegn ofsóknum, hatursglæpum gegn minnihlutahópum eða trúarhópum og miðlar efni um forvarnir gegn hatursorðræðu á síðu sinni (sjá: <https://hatecrime.osce.org/about>). Þetta nær til fræðslu gegn hatursorðræðu eða hatursglæpum í garð Gyðinga, ólíkra trúarhópa, Rómafólks, hinsegin fólks, fatlaðs fólks eða kvenna.

Evrópuráðið

Evrópuráðið minnst helfararinnar á margvíslegan hátt enda var hún ein af ástæðunum fyrir stofnun þess árið 1949, aðeins fjórum árum eftir frelsun fanga úr fangabúðunum í Auschwitz-Birkenau. Markmiðið með stofnun Evrópuráðsins var að koma í veg fyrir að slíkt þjóðarmorð myndi endurtaka sig í Evrópu og til að tryggja að mannlíf og mannréttindi yrðu virt, óháð þjóðerni, uppruna, kynþætti, trúarbrögðum eða kynhneigð viðkomandi. Helsta hlutverk Evrópuráðsins er að efla og vernda mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Er það gert meðal annars með því að berjast gegn ofsóknum og andúð í garð minnihlutahópa og gegn hatursorðræðu og hatursglæpum.

Í þessu skyni lagði ráðherraráð Evrópuráðsins til að „Minningardagur um helförina og um glæpi gegn mannkyni“ (**e. *Holocaust Remembrance Day and Prevention of Crimes Against Humanity***) yrði viðurkenndur í aðildarríkjum eins og lesa má um hér; <https://www.coe.int/en/web/portal/holocaust-remembrance>

Evrópuráðið birtir og býður skólum upp á kennsluefni sem hjálpar kennurum að undirbúa minningar- og fræðslustundir um helförina. Markmiðið er að efla vitund um söguna, mannréttindi, fordóma, gyðingahatur og hversu mikilvægt er að sporna gegn slíku ofbeldi í

framtíðinni. Ráðherraráð Evrópuráðsins samþykkti í mars 2022 tilmæli til aðildarríkja ráðsins sem nefnist „**Passing on remembrance of the Holocaust and preventing crimes against humanity**“ sem lesa má hér;

[https://search.coe.int/cm#\[%22CoEIdentifier%22:\[%220900001680a5ddcd%22\],%22sort%22:\[%22CoEValidationDate%20Descending%22\]](https://search.coe.int/cm#[%22CoEIdentifier%22:[%220900001680a5ddcd%22],%22sort%22:[%22CoEValidationDate%20Descending%22])

Með ákvörðuninni setur Evrópuráðið ramma um og tilmæli til aðildarríkja um hvernig eigi að tryggja að minningin um helförina og önnur mannréttindabrot fyrri tíma haldist lifandi og sé kennd í skólum.

Í tillögunni er meðal annars mælt með að fræðsla, minningarathafnir, kennsla, og aðgengi að heimildum séu tryggð; <https://histolab.coe.int/resource-hub/97>

Evrópuráðið hefur líka með samþykktum sínum og starfi lagt áherslu á að fræðsla um mannréttindabrot nasista í garð minnihlutahópa einskorðist ekki eingöngu við Gyðinga heldur nái einnig til Rómafólks og Sinti, fatlaðra, pólitíska andstæðinga, hinsegin fólks, ýmissa trúarhópa og annarra.

Evrópuráðið hefur til að mynda gefið út handbók fyrir kennslu um þjóðarmorð á tímum síðari heimsstyrjaldar á minnihlutahópum á borð við Rómafólk og lesa má hér; <https://www.roma-sinti-holocaust-memorial-day.eu/education/right-to-remember-handbook/>

Af öllu þessu má sjá hversu fyrirferðarmikil fræðsla, kennsla og varðveisla minninga um helförina er hjá þeim alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að og gagnast í viðleitni til að koma í veg fyrir og uppræta hatursorðræðu og hatursglæpi gegn minnihlutahópum af öllu tagi.

Og þó svo að kveðið sé á um sögukennslu og mannréttindi í aðalnámskrá grunnskóla og framhaldsskóla á Íslandi er rými til að útvíkka þá kennslu og styrkja hana. Til þess eru til verkfæri sem íslenskar menntastofnanir hafa aðgang að í gegnum alþjóðasamstarf Íslands. Helförin er ekki eingöngu saga sem okkur ber að muna, heldur hræðilegir atburðir sem hægt er að læra af til að hjálpa við að koma í veg fyrir ofbeldi, hatursglæpi, útskúfun og þjóðarmorð.

Hvernig Helfararinnar er minnst á Norðurlöndum

Helfararinnar er minnst með formlegum hætti 27. janúar ár hvert á öllum hinum Norðurlöndunum en með mismunandi hætti sem endurspeglar bæði ólíka sögu ríkjanna þegar kemur að atburðum seinni heimsstyrjaldarinnar og sögu Gyðinga í hverju ríki fyrir sig. Minningardagurinn 27. janúar er ekki lögfestur sem lögbundin frídagur né hefur lögbundna stöðu í neinu hinna norrænu ríkjanna, þó að yfirvöld þeirra allra komi að skipulagningu minningardagsins, hvort sem er með ríkisstyrktum aðgerðum eða ákvörðunum ríkisstjórna eða þjóðþinga.

Danmörk

Í Danmörku stendur Dansk Jødisk Museum (Danska Gyðingasafnið) fyrir árlegum minningardegi þann 27. janúar sem kallast á dönsku „Auschwitz-dag“ og hefur hann verið haldinn með einum eða öðrum hætti frá 2003. Safnið er í Kaupmannahöfn og er meginhlutverk þess að halda uppi fræðslu um helförina og tengja hana við danska sögu. Rekstur safnsins er styrktur af dönskum yfirvöldum, Kaupmannarhafnarborg og einkaaðilum. Safnið fræðir einnig almennt um þjóðarmorð, aðdraganda þeirra og afleiðingar. Starfsmenn safnsins hafa haft umsjón með minningardeginum í samvinnu við borgaryfirvöld Kaupmannahafnar og Danska Gyðingasambandið (Det Jødiske Samfund i Danmark).

Hægt er að sjá dagskrá minningardaganna undanfarin fimm ár á heimasíðu safnsins og lesa um starfsemi safnsins hér: www.jewmuseum.dk. Þar kemur fram að borgarstjórar Kaupmannahafnar halda yfirleitt ávarp á athöfninni, einn til þrír sendiherrar hafa haldið ávörp undanfarin ár (oftast sendiherra Ísraels en sendiherrar Bandaríkjanna, Búlgaríu, Króatíu og Svíþjóðar hafa líka haldið ávörp undanfarin fimm ár). Menningarmálaráðherra Danmerkur hefur ávarpað minningarathöfnina og forsætisráðherrann, Mette Fredriksen, hélt ávarp á minningarathöfninni árið 2024. Að auki hafa eftirlifendur helfararinnar haldið ávörp sem og eftirlifendur þjóðarmorðsins í Bosníu. Formenn Danska Gyðingasambandsins hafa haldið ávörp og boðið hefur verið upp á tónlistaratriði.

Svíþjóð

Það er vert að vekja athygli á því að fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, Göran Persson, var framámaður í að vinna að alþjóðlegum skuldbindingum ríkja um samhæfðar aðgerðir og yfirlýsingar þeirra til að halda á loft minningu helfararinnar. Til þess vann hann ötullega að stofnun IHR bandalagsins (International Holocaust Remembrance Alliance) en það varð til í kjölfar alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í janúar árið 2000 í Stokkhólmi undir forystu Persson. Fulltrúar 46 ríkja mættu á ráðstefnuna, þar af 23 þjóðarleiðtogar og 14 forsætisráðherrar. Á þessari ráðstefnu varð til Stokkhólms-yfirlýsingin sem allir þátttakendur á ráðstefnunni skrifuðu undir en hún snýst um að halda minningu helfararinnar

á lofti og vinna gegn hatursorðræðu og ofsóknum. Þau ríki sem rituðu undir Stokkhólms-yfirlýsinguna eru jafnframt aðildarríki að IHR-bandalaginu.

Lesið má Stokkhólms-yfirlýsinguna hér:

<https://holocaustremembrance.com/resources/stockholm-declaration>

Í Svíþjóð hefur 27. janúar verið haldinn minningardagur um helförina síðan árið 1999, en frá 2005 hefur umsjón og framkvæmd verið formlegri. Stofnunin Forum för levande historia (Vettvangur fyrir lifandi sögu) er umsjónaraðili minningar- og fræðsluverkefna um helförina. Hér er um opinbera stofnun að ræða sem heyrir undir sænska menningarmálaráðuneytið og er í Stokkhólmi (sjá: <https://www.levandehistoria.se/>).

Eins og lesið má um á heimasíðu stofnunarinnar er tilgangur hennar og verkefni að styðja við lýðræði og mannréttindi í heiminum með áherslu á sögulega þekkingu og reynslu. Sænska ríkisstjórnin, menningarmálaráðuneytið og borgar- og sveitastjórnir víða um Svíþjóð hafa stutt við minningardag um helförina með ýmsum hætti enda eru viðburðir haldnir um alla Svíþjóð. Þar er um að ræða ýmiss konar minningardagskrá, fyrirlestra, málstofur, þemadaga í skólum, kyndlagöngur og athafnir þar sem eftirlifendur helfararinnar flytja sína vitnisburði um reynslu sína. Nú þegar er búið að skipuleggja og auglýsa 11 viðburði víða um Svíþjóð á næsta minningardegi í janúar árið 2026. Í flestum tilfellum sjá sveitarfélög um minningardagana en þeir eru líka í umsjón samtaka og jafnvel einstaklinga.

Forum för levande historia-stofnunin hvetur til samhæfingar í því hvernig minnst skal helfararinnar ár hvert og leggur til viðeigandi skólaverkefni sem skólar og menntastofnanir geta nýtt sér í tengslum við 27. janúar. Stofnunin leggur mikla áherslu á fræðslu og að sannreyndar staðreyndir séu notaðar í að halda helförinni og minningu þeirra sem í henni létust á lofti. Stofnunin leggur meiri áherslu á en til að mynda Danska Gyðingasafnið að útvíkka starfið innan og á vegum stofnunarinnar og fræðsluna til að sporna við alls kyns kynþáttafordómum og hatursorðræðu í garð annarra en Gyðinga þó það sé grunnurinn sem starfið er byggt á. Í allri vinnu, fræðsluefni og miðlun stofnunarinnar er hvatt til eflingu lýðræðis, lýðræðislegrar umræðu og fræðslu um gagnrýna hugsun. Á heimasíðu stofnunarinnar segir m.a. í lauslegri þýðingu:

Helförin er dæmi um hvað getur gerst ef við höldum ekki umræðunni um lýðræði og jafnrétti allra þjóðfélagshópa á loft. Um það bil sex milljónir Gyðinga létust í helförinni. Rómafólk og Pólverjar urðu einnig fórnarlömb þjóðarmorðs sem byggðist á kynþáttafordómum. Þar að auki ofsóttu, fangelsuðu og drápu nasistar í Þýskalandi þúsundir manna úr samfélögum fatlaðra og LGBTQI.

Er það mat starfshóps að starf sænsku stofnunarinnar sé afbragðsgott og góð fyrirmynd fyrir íslenskar aðstæður.

Noregur

Í Noregi er það **HL-senteret (Senter for studier av Holocaust og livssynsminoriteter)** sem sér um minningardag um helförina. www.hlsenteret.no

HL-Senteret er í Osló og var stofnuð árið 2001 og er fjármögnuð að stórum hluta með endurgreiðslu norska ríkisins vegna bótaréttarmála og uppgjörs fyrir eignarnám norskra yfirvalda á eigum Gyðinga í Noregi í seinni heimsstyrjöldinni. Um það má lesa hér: <https://2017-2021.state.gov/reports/just-act-report-to-congress/norway/?safe=1>

HL-Senteret er því ekki einkastofnun, heldur er rekin sem sjálfseignarstofnun á vegum norska stjórnarráðsins, fyrir opinbera sjóði og á vegum menntamálaráðuneytis Noregs, enda sett á fót með stuðningi norska ríkisins í samráði við samtök Gyðinga í Noregi.

Starfsemi HL-Senteret er hugsuð sem fræðastofnun með samfélagslegt hlutverk og hverfist starfssemin um rannsóknir, fræðslu, upplýsingamiðlun, sýningar og varðveislu sögulegra minja og gagna sem tengjast helförinni. Stofnunin leggur líka mikla áherslu á að uppfærða um afleiðingar kynþáttafordóma, ofbeldi gegn minnihlutahópum og öðrum trúarhópum en Gyðingum en líkt og hjá Forum För Levande historia, er helförin grunnurinn að þeirri fræðslu.

Það er mat starfshópsins að starf HL- Senteret sé afar góð fyrirmynd að því starfi sem hægt væri að vinna að hér á landi um hvernig nýta megi samfélagslega harmleiki í forvarnarskyni.

Tillaga að stofnun HL-Senteret var sett fram í hvítbók norska ríkisins sem var unnin að ósk norska þingsins og gefin út á árunum 1997-1998. Markmiðið með hvítbókinni var að setja fram tillögur um það hvernig norska ríkið gæti unnið að uppgjöri og sögulegum rétti fórnarlamba heimsstyrjaldarinnar síðari (út frá bótarétti og eignarnámi), hvernig hægt væri að skrásetja og varðveita gögn og minjar um þennan tíma auk þess og hvernig best væri að standa að fræðslu um helförina og afleiðingar hennar út frá samfélagslegri ábyrgð norska ríkisins. HL-Senteret er þar með vettvangur fyrir samfélagsumræðu um trúarleg, samfélagsleg og pólitísk málefni tengd minnihlutahópum, fordómum og mannréttindum.

HL-senteret skipuleggur og hýsir oft minningarathafnir í Osló í samvinnu við stjórnvöld og þar flytja jafnan ráðherrar ávörp. Jens Stoltenberg, þáverandi forsætisráðherra, notaði viðburðinn árið 2012 til að biðjast afsökunar á meðferðinni á norskum Gyðingum fyrir hönd norskra stjórnvalda. Það sama gerði Erna Solberg forsætisráðherra árið 2017.

Næsti minningardagur 27. janúar 2026 er þegar skipulagður og mun atburðurinn verða við minnismerki um Gyðinga við höfnina í Osló þar sem norskir Gyðingar voru fluttir úr landi á skipum. Hákon prins og Jonas Gahr Støre, forsætisráðherra Noregs, hafa staðfest að þeir muni báðir flytja ávörp.

Finnland

Finnland á nokkuð flókna sögu þegar kemur að seinni heimsstyrjöldinni og sambandi við þýska nasista en hefur staðið við sínar skyldur þegar kemur að því að minnast helfararinnar

og sporna gegn Gyðingaandúð þar í landi. Þetta má sjá á tímatali um aðgerðir í Finnlandi sem birt er vefsíðunni www.holocaustremembranceproject.com

2002: 27. janúar var opinber dagur minningar um helförina, eða „Minningardagur fórnarlamba ofsókna“ en heiti minningardagsins er breytt árið 2024 í „Minningardag um helförina“

2003: Elina Sana gaf út bókina Luovutetutut. Í bókinni er fjallað um erlendu Gyðingana sem Finnland framseldi en hún beindi sjónum að hlutverki Finnlands í helförinni og vakti mikla reiði meðal stjórn mála- og fræðimanna.

2004: Rannsóknir hefjast fyrir skýrsluna „Finnland, stríðsfangar og útvistun á árunum 1939-55“.

2008: Skýrslan „Finnland, stríðsfangar og útvistun á árunum 1939-55“ er gefin út.

2010: Kennsla um helförina verður skylda.

2015: Vinna hefst við skýrsluna „Menning þagnarinnar“ um arfleifð SS Viking-deildarinnar, og sérstaklega um spurninguna um hvort þeir hafi framið stríðsglæpi.

HUM / Holokaustin uhrien muistory; (fyrrum Yad Vashem Finnish Branch) sjá hér; <https://hum.fi/hum-in-english/> stendur fyrir minningarathöfn 27. janúar í samvinnu við ráðuneyti og ríkisstjórn Finnlands og er það aðalviðburðurinn sem stofnunin kemur að.

Að auki skipuleggur HUM minningarathöfn 6. nóvember ár hvert til minningar um átta Gyðinga sem finnska ríkið vísaði úr landi í hendur nasista þann 6. nóvember 1942.

Á minningardegi um helförina á síðasta ári, þann 27. janúar 2024, hélt utanríkisráðherra Finnlands, Elina Valtonen, ávarp en litlar upplýsingar er að finna um dagskrána fyrri ár.

Í ágúst 2023 tilkynnti finnska ríkisstjórnin um ákvörðun um nafnabreytingu á minningardeginum 27. janúar en eins og áður sagði hafði hann verið nefndur „Minningardagur um fórnarlömb ofsókna“. Við breytinguna varð hann „Minningardagur um helförina“. Lesa má um ákvörðun ríkisstjórnar Finnlands hér: <https://valtioneuvosto.fi/en/-/memorial-day-for-victims-of-persecution-to-be-changed-to-holocaust-remembrance-day>

Var breytingin gerð sem hluti af stefnu finnsku ríkisstjórnarinnar í að berjast fyrir jafnrétti, og gegn öfgahyggju og mismunun en ekki síst til að mæta vaxandi gyðingaandúð í finnsku samfélagi. Sömuleiðis var vísað í alþjóðlegar venjur um heiti á þessum minningardegi.

Í maí 2025 lagði finnska ríkisstjórnin fram frumvarp um breytingu á hegningarlögum þar sem afneitun á helförinni er gerð refsiverð. Sjá hér:

<https://www.helsinkitimes.fi/finland/finland-news/domestic/26868-finland-moves-to-ban-holocaust-denial-under-new-criminal-law.html>

Með þessari tillögu er lagalegur rammi Finnlands samræmdur ákvörðun Evrópusambandsins frá 2008 um baráttu gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri. Samkvæmt þeirri ákvörðun skulu öll aðildarríki ESB gera það refsivert að afsaka, neita eða gera lítið úr þjóðarmorði, glæpum gegn mannkyni og stríðsglæpum eins og alþjóðadómstólar viðurkenna þá opinberlega.

Samkvæmt frumvarpinu yrði afneitun helfararinnar eða annarra alvarlegra alþjóðlegra glæpa, eins og þeir sem skilgreindir eru í reglum Alþjóðlega sakamáladómstólsins, refsiverð með sektum eða til allt að tveggja ára fangelsisvistar. Frumvarpið markar breytingu á finnskum lögum um hatursorðræðu og afneitun á sögulegum grimmdarverkum. Þetta er í fyrsta sinn sem sett er sérstakt bann við afneitun helfararinnar í Finnlandi. Á vef finnska Stjórnarráðsins er sagt að markmið frumvarpsins væri að styrkja vernd gegn gyðingahatri og annars konar hatursorðræðu, sem og að standa við skuldbindingar Finnlands samkvæmt alþjóðalögum og evrópskum lögum. Ef nýja ákvæðið verður samþykkt myndi það færa Finnland til samræmis við lönd eins og Þýskaland, Austurríki og Frakkland, sem þegar hafa svipaða löggjöf í gildi.

Ísland

Á Íslandi hafa sendiráð Póllands, sendiráð Bandaríkjanna og sendiráð Þýskalands staðið fyrir árlegum minningarviðburðum í samvinnu við samfélag Gyðinga hér á landi og rabbía Gyðinga. Forseti Íslands sótti minningarathöfn í Auschwitz-Birkenau um fórnarlömb helfararinnar á 75 ára minningarafmæli og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra var viðstödd minningarathöfn í Auschwitz-Birkenau í janúar 2024 þegar þess var minnst að 80 ár voru frá frelsun fanga úr fangabúðunum.

Lokaorð

Það er álit starfshópsins að það sé tímabært að íslensk stjórnvöld standi við skuldbindingar sínar sem aðildarríki að Sameinuðu þjóðunum, ÖSE og Evrópuráðinu um að minnast með formlegum hætti helfararinnar og fórnarlamba hennar.

Það er þó ekki eingöngu út frá alþjóðlegum skuldbindingum, heldur einnig út frá siðferðislegum skyldum sem lýðræðisríki sem styður við mannréttindi þegar kemur að því að votta fórnarlömbum helfararinnar virðingu. Það er gert með því að halda minningu þeirra á lofti og nota lærdóminn af grimmdarverkum nasista til að sporna við hatri, fordómum og mismunum í íslensku samfélagi. Ekki einungis í garð Gyðinga, heldur einnig í garð annarra trúarhópa, fólks af erlendum uppruna, hinsegin fólks eða fólks með fötlun. Um þetta er skýrt kveðið á um í stjórnarskrá Íslands. Fjölgun hatursglæpa undanfarin ár í Evrópu og í nágrannaríkjum Íslands sem og uppgangur hatursorðræðu í garð minnihlutahópa bæði hér á landi og þar, krefst þess að fólk sé stöðugt á verði og minnst þess hvað geti átt sér stað verði hatursorðræða og hatursglæpir ráðandi afl.

Saga Gyðinga í íslensku samfélagi hefur ekki verið áberandi í gegnum tíðina né hefur sögu þeirra hér verið haldið á lofti með skipulögðum eða formlegum hætti, enda hefur samfélag Gyðinga á Íslandi verið fámennnt. Þrátt fyrir fámennið hafa Gyðingar sem hingað hafa komið og ílengst, auðgað menningarlíf svo um munar og markað varanleg spor á íslenskt listalíf og ekki síst stuðlað að fjölbreyttara samfélagi.

Íslenskt samfélag, og þá íslensk stjórnvöld sérstaklega, hafa ekki horfst í augu við umdeildar ákvarðanir stjórnvalda á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar er varða brottvísun Gyðinga þegar þeir leituðu ásjár og skjóls á Íslandi undan stríði og ofsóknum. Ákvarðanir íslenskra stjórnvalda höfðu alvarlegar afleiðingar fyrir fjölskyldur og manneskjur sem voru hraktar frá heimilum, landi og samfélagi með ofsóknum en fengu ekki skjól á Íslandi. Þetta þarf að rannsaka, viðurkenna og biðjast afsökunar á.

Til að hægt sé að læra af verstu tímabilum mannkynssögunnar, þegar hatur, fordómar og útskúfun voru drifkraftur grimmdarverka, þurfa stjórnvöld að vera leiðandi í að sporna með virkum hætti við hatursorðræðu, fordómum og mismunum. Áhrifaríkast er að gera það með stöðugri menntun, fræðslu og leggja áherslu á virðingu og almenna samkennd Mikilvæg forvörn gegn hatri og fordómum felst líka í því að minnast helfararinnar með formlegri hætti en hefur verið gert og gangast undir skuldbindingar til að koma í veg fyrir að nokkuð í líkingu við hana gerist aftur í hvaða mynd sem er.